

ÆSKULÝÐSNEFND LH

Skýrsla æskulýðsnefndar Landssambands hestamanna
Starfsárið 2008 - 2009.

Æskulýðsnefndina skipuðu á síðasta starfsári Helga B. Helgadóttir formaður, Sigríður Birgisdóttir ritari, Sóley Margeirsdóttir, Þorvarður Helgason og Andrea Þorvaldsdóttir. Nefndin fundaði að meðaltali mánaðarlega á tímabilinu.

Störf aganefndar LH voru með hefðbundnum hætti árið 2009. Aganefnd hélt 6 fundi á árinu auk fjölda símafunda. Einnig voru samskipti mikil með tölvupósti.

Æskan á ís í Skautahöllinni

Ísmótið „Æskan á ís“ sem haldið var í samvinnu við Landsliðsnefnd í Skautahöllinni sl. vetur tókst ágætlega í alla staði en ekki var mikið sem kom í kassann, en lagt var upp með að þetta ætti að vera fjáröflun fyrir nefndina. Þátttaka á mótinu var nokkuð góð en áhorfendur hefðu mátt vera fleiri.

Fundaherferð

Síðastliðinn vetur var skipulögð fundarherferð um landið þar sem von okkar var að hitta sem flesta æskulýðsfulltrúa og aðra þá er hafa áhuga á æskulýðmálum. Skipulagðir voru fundir á sex stöðum á landinu og voru haldnir fundir í fjórum stöðum. Mæting var heldur dræm og var ákveðið að afturkalla tvo síðustu fundina. En einhvern veginn viljum við ná til æskulýðsfulltrúa landsins og munum rýna í það hvenig best er að standa að því. Fundirnir hafa verið í miðri viku að kvöldi sem gæti verið skýring á dræmri mætingu og þar sem fólk þarf að fara langar leiðir til að sækja fundina sé heppilegra að hafa þá um helgar.

FEIF Youth Camp



Sóley, Alexandra, Sigríður, Anna og Brynjar á Winterhorse Farm 2009

Um miðjan júlí var Youth Camp haldið í Bandaríkjunum í fyrsta sinn á Winterhorse Farm í Wisconsin. Fimm unglingar fóru frá Íslandi en alls voru þátttakendur 32 frá 9 löndum innan FEIF auk fararstjóra. Þau sem fóru voru Alexandra Ýr Kolbeins og Anna Ragnheiður Jörundardóttir frá Sóta, Sóley Björg Ingibergsdóttir frá Mána, Brynjar Árni Smárason frá Fáki og Sigríður Óladóttir frá

Sleipni. Krakkarnir áttu þarna ánægjulega daga og voru landi og þjóð til sóma en meðal þess sem boðið var uppá var reiðtúr á pizzastað í nágrenninu, fjársjóðsleit á hestbaki, kennsla og þrautir á kúrekahestum, heimsókn og danssýning indíana, dagsferð í einn stærsta vatnaskemmtigarð í Bandaríkjunum, lónað var niður Wisconsin ána á blöðrubátum og að sjálfsgöðu var komið við í verslunarmiðstöð. Hjónin Barb og Dan Riva sem eiga Winterhorse Farm tóku einstaklega vel á móti hópnum og var allur aðbúnaður, matur og gístaðstaða einstaklega góð svo ekki sé minnst á frábæra gestrisni þeirra hjóna og allra þeirra sem gerðu þennan viðburð að veruleika.



Í hesthúsinu á Winterhorse Farm með sérlegum aðstoðarmanni sínum Sigurði Rúnari Pálssyni

Ráðstefna æskulýðsmála

Í árslok 2007 var haldin ráðstefna æskulýðsmála og tókst hún afar vel, þátttaka góð og gott og uppbyggilegt starf unnið í vinnuhópnum. Handbók æskulýðsfulltrúa var unnin úr þeirri vinnu. Til stóð að halda aðra slíka ráðstefnu 10. október síðastliðinn og gerðum við okkur vonir um að ekki færri sæktu ráðstefnuna nú en síðast. Því miður varð ekki af því og var það erfið ákvörðun að þurfa að slá hana af vegna lélegrar þátttöku. Til stóð að fjalla um fræðslu, kennslu og öryggi barna og unglinga og vorum búin að fá til liðs við okkur öfluga fyrirlesara. Okkur fannst miður að nú höfðu tveir viðburðir tengdir eflingu og fræðslu æskulýðsfulltrúa félagana verið slegið á frest vegna lélegrar mætingar. Það er þó ætlun okkar að á nýju ári verði aftur boðað til ráðstefnu og vonumst við til að sjá sem allflestu æskulýðsfulltrúa á henni.

FEIF ráðstefna 2009

Æskulýðsnefnd FEIF fundaði með æskulýðsformönnum aðildarlandanna á ráðstefnunni sem haldin var í Hamborg í febrúar síðastliðnum. Ýmis málefni bar þar á góma, m.a. var sagt frá því að ný staða æskulýðsráðgjafa (Youth Counselor) sem reynd var á Youth Cup í Sviss 2008 hefði gefist vel og verður slíkur ráðgjafi á öllum uppákomum FEIF Youth nefndarinnar framvegis. Til hans gátu ungmennin leitað ef upp komu trúnaðarmálefni sem þau vildu ræða. Einnig var fjallað um að

Þjálfarar á mótum mættu ekki vera á sakaskrá eða hafa brotið af sér, sérstaklega varðandi börn. Ætlast var til að æskulýðsformenn kæmu þessu áleiðis til sinna landa.

Alþjóðleg unglingaskipti hafa verið á dagskrá í nokkurn tíma og hefur nú nefndin útbúið reglur um þau, hugmyndin er að nokkrum unglingum 14 – 17 ára verði boðið til tveggja vikna dvalar í öðru landi gegn vægu gjaldi (kostnaðarverði). Æskulýðsnefnd viðkomandi lands tekur út þá staði sem bjóða til dvalar. Mikill áhugi er hjá unglingum annara landa að koma til dvalar á Íslandi og mun æskulýðsnefnd LH aðstoða við að koma þessu á laggirnar hér á landi. Þetta verkefni fer af stað sumarið 2010.

FEIF Youth nefndin hefur undanfarin ár veitt verðlaun fyrir besta æskulýðslandið líkt og æskulýðsnefnd LH hefur gert um árábil og landið sem hlaut verðlaunin á ráðstefnunni 2009 var Svíþjóð en þau voru með nokkuð öflugt starf á árinu og buðu auk þess upp á nýjungar í æskulýðsstarfi.

Youth Cup 2010

FEIF Youth Cup verður haldið í Danmörku dagana 10. – 18. júlí 2010. Mótið verður haldið í landbúnaðarháskóla í Kalo rétt hjá Árhús. Nánar má sjá um mótið á heimasíðu þess <http://www.feifyouthcup2010.dk/>. Fljótlega eftir áramót verður auglýst eftir umsóknum frá væntanlegum þátttakendum frá Íslandi en við eigum 8 sæti og jafnvel fleiri ef aðildarlöndin nýta ekki sinn rétt.

Framundan

Á næsta starfsári munum við boða aftur til ráðstefnu æskulýðsmála sem frestað var í október. Valdir verða umsækjendur á Youth Cup og eru æskulýðsfulltrúar hvattir til að fylgjast með þegar auglýst verður eftir umsóknum sem birtar verða á heimasíðu æskulýðsnefndar og einnig sendar í tölvupósti.

Til stendur að endurvekja æskulýðsmót á Skógarhólum sem haldin voru fyrir nokkrum árum og tókust mjög vel. Eftir er að finna hentuga dagsetningu á þann viðburð.

Æskulýðsnefndin á fulltrúa í U – 21 nefndinni og sitja í henni þau Þorvarður Helgason sem formaður og Sóley Margeirsdóttir.

Við viljum minna á Handbók æskulýðsfulltrúa sem er á heimasíðu LH og er þar að finna allskonar fróðleik fyrir æskulýðsfulltrúa. Það er von nefndarinnar að handbókin verði þeim sem lesa hana til gagns og eflingar í öllu æskulýðsstarfi.

Æskulýðsbikar LH

Æskulýðsbikar LH var gefinn af HÍS árið 1996 og hefur síðan árlega verið veittur því hestamannafélagi sem þykir hafa skarað framúr í æskulýðsmálum á því ári.

Við val á handhafa æskulýðsbikars LH er horft til þess fjölbreytta starfs sem félögin hafa í boði fyrir börn, unglinga og ungmenni í sínu félagi. Mikið og gott starf er víða unnið í æskulýðsstarfi og margar skýrslurnar faglega unnar og á skilmerkilegan hátt sagt frá því hvað er um að vera í félaginu fyrir æskuna.

Niðurstaða valsins fyrir árið 2008 var að Æskulýðsnefnd LH lagði til að hestamannafélagið Þytur hlyti Æskulýðsbikar LH fyrir metnaðarfullt starf og fjölbreytta dagskrá í æskulýðsmálum. Æskulýðsbikarinn var afhentur á Landsþingi LH sem fram fór á Kirkjubæjarklaustri í október 2008.

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

STOFNAÐ 1949



Það félag sem hlýtur Æskulýðsbikarinn fyrir starfsárið 2009 verður tilkynnt á formannafundi LH 6. nóvember 2009.

Þau félög sem hafa verið handhafar bikarsins frá upphafi:

1996 Léttir
1997 Gustur
1998 Sörli
1999 Hörður
2000 Freyfaxi
2001 Máni
2002 Smári
2003 Fákur
2004 Blær
2005 Andvari
2006 Léttir
2007 Máni
2008 Þytur
2009 ?????

Helga B Helgadóttir, formaður